

## Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa að Kiðjabergi

Fundur stjórnar 30. ágúst 2022 kl. 20:00 haldinn í Kópavogsgerði.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Bjarni Sigurðsson og Bergur Sandholt. Snjólfur og Kristín ræddu fjármál félagsins fyrir fundinn.

### 1. Fjármál félagsins.

- a. Í lok júlí barst loks reikningur frá Suðurtaki vegna lagfæringa á vegum, sem voru að mestu gerðar árið 2021, en lokið við um vorið 2022. Reikningurinn var upp á tæpar 3,2 m.kr. og hefur verið greiddur.
- b. Árgjöld verða innheimt á næstu vikum.
- c. Kristín ætlar að sækja um styrk til GOGG vegna veghalds, en umsóknarfrestur er til 15. september.

### 2. Nýlega voru settar upp öryggismyndavélar í golfskálann, en brotist var inn í hann síðasta vetur. Hestlendingar settu einnig öryggismyndavél við hliðið inn á svæðið. Stjórnin skoðaði vel þann möguleika að setja nýja öryggismyndavél við gamla gámasvæðið og fékk m.a. tilboð í uppsetningu á slíkri vél. Niðurstaða stjórnarinnar er hins vegar að setja ekki upp öryggismyndavél og eru tvær meginástæður fyrir því. Annars vegar er óljóst hvað félaginu er heimilt að gera í þeim efnum, m.a. vegna laga um persónuvernd. Hins vegar telja stjórnarmenn að líkur á því að öryggismyndavél á þessum stað komi einhvern tíman að gagni séu hverfandi. Í ljósi þess er gjaldkera falið að sjá til þess að félagið hætti að greiða fyrir rafmagn vegna þeirrar öryggismyndavélar sem nú vaktar Kiðjabergsveginn, enda hefur komið í ljós að hún hefur ekki virkað eins og til var ætlast í mörg ár.

### 3. Rætt um fyrirhugað leiksvæði í grennd við vélaskemmuna. Málið hefur þokast áfram í sumar, en hægt. Bjarni og Bergur ætla að vinna málið áfram og gera drög að framkvæmdalýsingu og kostnaðaráætlun fyrir leiksvæðið.

### 4. Ætlunin er að leggja einhverja göngustíga á svæðinu á næstu árum. Í framhaldi af vinnudegi vorið 2022 var farið í vettvangsskoðun og ákveðið að

fá Suðurtak (Baldur Sigurjónsson) til að gera einn stuttan göngustíg milli lóða 60/61 og 67/66, til að tengja saman svæði. Með því fæst reynsla sem verður byggt á við ákvarðanir um fleiri stíga.

5. Rætt um vatnsveituna. Bjarni og Bergur ætla að ræða við Snorra Hafsteinsson með það að markmiði að gera kort af henni aðgengileg fyrir þá sem gætu þurft á því að halda.
6. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.

Bjarni Sigurðsson ritari